

Mat á laxaframleiðslugetu ófiskgengra
svæða í Miðfjarðará í Bakkafirði


Sigurður Guðjónsson

Janúar 1991

VMSTR/91001

Eintak bókasafns

VMST-2/91001



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

Inngangur

Hér á eftir er sett fram mat á framleiðslugetu Miðfjarðarár í Bakkafirði ofan Fálkafoss. Matið er byggt á mælingum Árna Helgasonar 1983.

Miðfjarðará á upptök sín í Miðfjarðarheiði. Eins og aðrar ár sem koma af grónum láglendisheiðum er áin nokkuð rík af lífi. Rafleiðni í ánni er 67 uS/sm (25 °C). Leiðni er mælikvarði á uppleyst efni í árvatninu. Bestu ár landsins hafa leiðni yfir 100 uS/cm (25 °C).

Miðfjarðará er fiskgeng 3.2 km frá sjó auk þess sem neðsti hluti þverárinnar Litlu-Kverkár er fiskgengur. Áin hefur gefið frá 15 laxa veiði og upp í 248 laxa eða 138 laxa að meðaltali árin 1974 til 1989 (Guðni Guðbergsson 1990). Síðustu ár hefur verið sleppt talsverðum fjölda smáseiða í ánni ofan fossa. Hluti aflans er mjög líklega úr þeim sleppingum.

Svæði ofan fossa

Fyrsta gönguhindrun lax í Miðfjarðará er Fálkafoss sem er á að giska 6 metra hár. Frá Fálkafossi upp að Bæjarfossi er 1 km vegalengd. Þar af nýtast um 45 % sem uppeldissvæði samkvæmt mælingum Árna Helgasonar 1983 (ÁH). Miðað við 15 metra meðalárbreidd eru þarna um 6.750 m² uppeldissvæði.

Bæjarfoss er 6 til 7 metra hár og ófiskgengur. Frá Bæjarfossi upp að Sniðfossi eru um 600 metrar. Á þessu svæði nýtast 25 % sem uppeldissvæði (ÁH) sem gera 2250 m² uppeldissvæði.

Sniðfoss er 4 til 5 metra hár og ófær fiski. Frá Sniðfossi að næsta fossi er 3.6 km vegalengd. Af þessu svæði nýtast 40 % sem uppeldissvæði (ÁH) eða 21.600 m².

Næsta gönguhindrun er eins og áður er sagt 3.6 km ofan við Sniðfoss. Þar er þrískiptur foss ófær göngufiski. Ekki er kunnugt um fleiri gönguhindranir í Miðfjarðará. Svæðið ofan við efsta foss er lítt kannað hvað varðar uppeldisskilyrði. Reikna má með að lax geti nýtt næstu 30

km ofan við fossinn að minnsta kosti út frá reynslu frá öðrum áþekktum ám og 30 % svæðisins nýtist sem uppeldisskilyrði sem er svipað hlutfall og þekktur hluti árinna hefur. Þarna bætust því við um 135.000 m² uppeldissvæði.

Seiðaframleiðsla

Út frá rannsóknum í Vesturdalsá í Vopnafirði og reynslu ú öðrum ám á Norð-Austurlandi er hægt að meta hversu mörg gönguseiði ár framleiða á hverja flatareiningu. Vesturdalsá skilaði árið 1989 sem samsvarar um 1 sjögönguseiði á hverja 16 m² uppeldissvæðis (Veiðimálastofnun óbirt gögn). Miðfjarðará er ekki eins frjósöm á, svo reikna má með að áin framleiðni minna af seiðum. Sé reiknað með 1 seiði á hverja 20 m² uppeldissvæðis, framleiddi fiskgengi hluti Miðfjarðará um 1.000 gönguseiði að jafnaði á ári. Árið 1990 voru endurheimtur smálax í veiði í Vesturdalsá 0.5 % Reikna má með svipuðu endurheimtuhlutfalli af stórlaxi. Endurheimtur úr þessum gönguseiðaárgang (1989) verða því væntanlega um 1% í veiði sem telja verður rýrt. Endurheimtur seiða sem gengu til sjávar vorið 1989 voru almennt lélegar. Í góðu ári gætu endurheimtur því verið mun hærri og til dæmis 10 % Miðað við að 1 % endurheimtu í veiði gefa þessi 1.000 gönguseiði í Miðfjarðará 10 laxa en miðað við 10 % heimtu 100. Við þetta bætist að sleppt hefur verið smáseiðum ofan fossa sem verða að gönguseiðum þannig að heildarfjöldi gönguseiða er hærri. Sé reiknað með 5 % endurheimtu að meðaltali af gönguseiðum má reikna með að fiskgengi hluti Miðfjarðará gefi að jafnaði 50 laxa í veiði árlega. Með sömu forsendum gefur svæðið ofan við Fálkafoss að Bæjarfossi 17 laxa í veiði að meðaltali, svæðið þar ofar að Sniðfossi gefur 6 laxa, svæðið þaðan og upp að efstu fossum 54 laxa í veiði. Svæðið ofan við alla fossa ætti að geta framleitt að jafnaði 338 laxa í veiði á ári varlega áætlað. Allar þessar veiðitölur byggja á að sama veiðisókn haldist. Það þýðir að auka þarf veiðiálag t. d. með því að bæta við

stöngum og þá á efri svæðin. Veiði neðan fossa ætti þó jafnframt að aukast. Það er rétt að áréttta það að allar þessar tölur eru meðaltalstölur. Fjöldi framleiddra gönguseiða getur og mun sveiflast svo og endurheimta laxa úr sjó. Sveiflur í laxgengd og þar með veiði munu því áfram verða til staðar í Miðfjarðará.

Lokaorð

Hér hefur verið sett fram mat á framleiðslugetu ófiskgengra svæða í Miðfjarðará. Kostnaður við að gera ánnu fiskgenga er óþekktur. Skýrsluhöfundur er ekki heldur fær um að meta hvers virði ofangreind veiðiaukning er. Því er öðrum látið það eftir að meta hvort fiskvegagerð borgar sig eða ekki. Nokkuð ljóst er þó að til að ná virkilegum árangri þarf að gera alla fossana færa.

Einnig er hægt að nýta uppeldissvæði ofan fossa með t.d. sleppingum smáseiða eða kviðpokaseiða, eins og gert hefur verið að hluta til síðustu ár. Ef áin er gerð fiskgeng er hægt að flýta landnámi lax á efri svæðum með seiðasleppingum. Gæta skal þess vel að nota stofn árinna til sleppinga.

Heimildir

Árni Helgason 1983. Könnun á ófiskgengum svæðum í

Miðfjarðará í Bakkafirði. VMSTA/8305.

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Veiðimálastofnun.

VMSTR/90016